

# Stjórnarskýrsla

*Félags kennara í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum*

*flutt á aðalfundi félagsins í Víkurskóla 18. mars 2010*

Nú er að ljúka tímamótaári í sögu FÉKKST því á síðasta ári hélt félagið upp á 10 ára starfsafmæli sitt. Af því tilefni var efnt til ráðstefnu undir yfirskriftinni:

## Trúarbragðafræðsla í skólum – hvert stefnum við?

Stjórnin fékk til liðs við sig fagfólk og sérfræðinga á sviði menntamála og það vakti athygli okkar hversu mikla velvild félagið nýtur innan skólasamfélagsins því allir þeir sem leitað var til voru boðnir og búnir að leggja félaginu lið.

Ráðherra menntamála Katrín Jakobsdóttir ávarpaði ráðstefnuna og þeir Robert Jackson og Sigurður Pálsson voru aðalfyrirlesarar. Stutt innlegg voru flutt af þeim Jón Torfi Jónassyni, Valgarði Reynissyni, Guðmundi Heiðari Frímannssyni, Arnfríði Guðmundsdóttur ásamt formanni FÉKKST.

Í lok ráðstefnunnar voru pallborðsumræður sem þær Guðlaug Björgvinsdóttir og Anna Kristín Sigurðardóttir sátu ásamt nokkrum þeirra sem tóku til máls á ráðstefnunni.

Fyrirlestrar og ávörp fjölluðu um málefnið frá ólíkum hliðum og var sérlega fróðlegt að heyra viðhorf og skoðanir frá svo breiðum hópi. Mörgum spurningum var velt upp og leitað svara við þeim eftir því sem við átti. Augljóst er að mikill áhugi er á

umræðu um stöðu greinarinnar í íslensku skólasamfélagi. Einkar ánægjulegt var að sjá hversu breiður hópur fólks sótti ráðstefnuna, bæði hvað aldursdreifingu varðar og ekki síður að kennarar og skólafólk af öllum skólastigum skuli láta sig málið varða. Ráðstefnan var vel kynnt og birtist m.a. grein eftir formann félagsins í Skólavörðunni og auglýsingaveggspjöld voru send á alla grunn- og framhaldsskóla á landinu. Í ráðstefnulok var síðan boðið upp á léttar veitingar í tilefni af 10 ára afmæli FÉKKST þar sem ráðstefnugestir skiptust á skoðunum og skeggræddu málefni dagsins.

Það er kostnaðarsamt að halda ráðstefnu og kosta erlendan fyrirlesara til landsins því fórum við þess á leit við velunnara félagsins að þeir styrktu ráðstefnuna og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Stóðu styrkirnir undir öllum kostnaði við ráðstefnuhaldið. Ég vil koma á framfæri sérstöku þakklæti til Reykjavíkurprófastsdæmis eystra og vestra ásamt Kjalarnesprófastsdæmi því án þeirra stuðnings hefðum við ekki getað haldið ráðstefnuna. Mikið álag var á stjórnarmeðlimum vegna þessa stóra verkefnis og því var ákveðið að fella niður árlegan jólafund félagsins.

Á þessu ári öðlaðist FÉKKST fulla aðild að samtökunum The European Forum for Teachers of Religious Education (EFTRE). Með aðild að EFTRE opnast okkur greið samskiptaleið við evrópska trúarbragðafræðikennara. Í því eru fólgin tækifæri til að heyra, sjá og deila því, sem verið er að gera á þessu sviði í Evrópu. Vert er að vekja athygli á ráðstefnu á vegum EFTRE sem haldin verður í Bruges, Belgíu í ágúst 2010. Yfirskrift

ráðstefnunnar er Challenging Religious Education. Ráðstefnan er opin öllum áhugasömum kennurum og við hvetjum félagsmenn til þátttöku.

Þann 9. desember s.l. sóttu formaður og meðstjórnandi málþing á vegum Samráðsvettvangs trúfélaga undir yfirskriftinni Trú og fordómar. Málþingið fór fram í Neskirkju og var vel sótt.

Stjórn FÉKKST hefur ásamt Gunnari J. Gunnarssyni, lektor við Háskóla Íslands verið boðið að taka þátt í múslimahátíðinni Jalsa Salana í Þýskalandi í sumar á vegum Ahmadiyyamúslima og þekkt það boð. Stjórnin lítur á þetta sem kjörið tækifæri til að koma á sambandi við félög múslima enda er það einn þáttur í stefnu félagsins að heimsækja ýmsa trúarhópa. Slíkum heimsóknum er ætlað að auka þekkingu á ýmsum trúarbrögðum og miðla henni áfram til félagsmanna sem nýta hana síðan væntanlega í kenngreinarinnar hér heima. Stjórnin hefur á undanfögnu setið nokkra fundi með forseta samtakanna og unnið að undirbúningi ferðarinnar.

Stjórn félagsins mun taka breytingum á næsta stjórnarári því Ágúst Ólason ritari félagsins gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Vil ég nota tækifærið og þakka honum fyrir heilindi, dugnað og vel unnin störf í þágu félagsins.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem komið hafa að félaginu með einum eða öðrum hætti og er afar þakklát fyrir þann mikla velvilja sem félagið hefur mætt á undanfögnu árum.

Birgitta Thorsteinson, formaður.

